

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 7/2002 um fresti til að skila framtölum og um form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002 á tekjur ársins 2001 og eignir í lok þess árs.**

*Frestir til að skila framtölum 2002.*

1. gr.

Framtölum manna, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal skila til skattstjóra eigi síðar en 25. mars 2002.

Sé framtali skilað með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is er skilafrestur þó til 8. apríl 2002.

2. gr.

Framtölum manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal skila til skattstjóra eigi síðar en 25. mars 2002.

Sé framtali skilað með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra er skilafrestur þó til 8. apríl 2002.

Skattstjóra er heimilt ef sérstaklega stendur á að veita frekari frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til 10. apríl 2002.

3. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 31. maí 2002.

4. gr.

Þeir framteljendur, sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem dvöl erlendis eða veikinda, geta ekki skilað framtali sínu innan ofangreindra fresta skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er og gera grein fyrir ástæðum síðbúinna skila með athugasemd á framtalinu.

*Form og skilamáti framtala.*

5. gr.

Menn, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2001 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á skattframtali á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is.
- b) Með dulrituðum tölvupósti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Á skattframtali 2002 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út.

6. gr.

Menn, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2001 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á skattframtali 2002 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út.
- b) Með dulrituðum tölvupósti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Á skattframtali á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is samkvæmt skilyrðum þar að lútandi, sem birt eru í framtalinu.

## 7. gr.

Skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna fylgiskjala. Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni skal sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.

## 8. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2001 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Úr framtalsforriti RSK 1.04 á tölvudisklingi, ásamt útfylltri og undirritaðri forsiðu á pappír.
- b) Úr framtalsforriti RSK 1.04 sent með dulrituðum tölvupósti skv. sérstökum samningi við ríkisskattstjóra.
- c) Með dulrituðum tölvupósti, sbr. b) úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- d) Á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 á pappírseyðublaði, sem ríkisskattstjóri hefur gefið út.  
Skattframtali lögaðila skal ætíð fylgja ársreikningur og önnur tilskilin fylgiskjöl.

## 9. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 91. og 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

*Reykjavík, 22. janúar 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.